# Fljótsdalshérað

Iðnaðarráðuneyti

Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík

| | | | |
|---|---|---|---|
| Málsnr. | IDN12020014 | Ábm. | EÓG |
| Lyk. | 0.1.3 | Aðrir | / |
| Mótt. | 24.04.2012 | Fskj. | |
| Aths. | | Trúnm. | |

Fljótsdalshéraði, 20.04 2012
nr. erindis 201203149 ÓÞB

Á 69. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Fljótsdalshéraðs 11.04 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

**Iðnaðarráðuneyti,lagning raflína í jörð**

*Erindi dags. 23.02.2012 þar sem Kristján Skarphéðinsson og Erla Sigríður Gestsdóttir, fyrir hönd iðnaðarráðherra, óska eftir umsögn sveitarfélagsins um þingsályktunartillögu um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð.*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd getur ekki tekið afstöðu til málsins, þar sem þingsályktunartillagan liggur ekki fyrir. Nefndin vekur athygli á grein 8.1.3 í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028, en þar segir: "Til þess að greiða fyrir lagningu grunnkerfa og aðgengi að þeim, skal litið svo á að ekki sé um breytingu á aðalskipulagi að ræða ef veita er lögð í jörð þar sem annað grunnkerfi er fyrir á yfirborði eða neðanjarðar, t.d. vegur eða lagnir annarrar veitu." Nefndin leggur áherslu á að með lagningu jarðstrengja verði íbúum og atvinnustarfsemi í dreifbýli tryggt þriggja fasa rafmagn.*

Bókun þessi var staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs, þann 18.04 2012.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulags- og mannvirkjanefndar

Ómar Þröstur Björgólfsson